

**Sp.**

**625. Fyrirspurn**

**[388. mál]**

til iðnaðarráðherra um kostnað vegna samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hvaða kostnaður hefur orðið vegna starfs samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar sem skipaðar voru 14. júní 1983, sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

- a. heildarkostnaður vegna hvorrar nefndar,
- b. sundurliðun eftir árum 1983 og 1984,
- c. sundurliðun eftir verkefnum,
- d. þóknun til einstakra nefndarmanna og starfsmanna nefndanna,
- e. þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf),
- f. ferðakostnaður,
- g. annar kostnaður?

Óskað er skriflegs svars.